

# Verklagsregla FÍV

## Vegna COVID-19 smits eða gruns um smit Starfsfólk

- Mögulegt smit:** Starfsmaður finnur fyrir einkennum COVID-19. Starfsmaður mætir ekki til vinnu og hefur strax samband við [heilsugæsluna](#) eða hringir í vakt síma 1700 eða í gegnum netspjall á [heilsuvera.is](#). Mikilvægt er að ræða einkenni sín við fagaðila og fá ráð um hvernig best er að bregðast við. Starfsmaður upplýsir skólameistara um gang mála.
  - Starfsmaður er beðinn um að mæta í skimun og er þ.a.l. kominn í úrvinnslusóttkví meðan beðið er eftir niðurstöðum.
  - Starfsmaður þarf ekki að mæta í skimun en heldur sig heima þar til helstu einkennum eru horfin.
- Veikindi:** Starfsmaður reynist vera með COVID-19 og hefur einangrun. Smitrakningateymi hefur samband við þann smitaða og eftir atvikum við skólameistara. Starfsmaður upplýsir rakningarteymi um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi. Starfsmaður hefur samband við skólameistara og upplýsir um stöðu mála.
- Úrvinnslusóttkví:** Ef vafamál um umgengni eða samneyti starfsfólks koma upp þá er engin áhætta tekin heldur svæði/hólf lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt yfir þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggur fyrir.
- Sóttkví:** Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:
  - Hefur umgengist einstakling sem svo greinist með COVID-19
  - Hefur verið á ferðlagi á [skilgreindum áhættusvæðum](#).Starfsmaður í sóttkví má undir engum kringumstæðum koma í skólahúsnæðið. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klst. áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef um engin einkenni er að ræða er miðað við 24 klst. frá sýnatöku. Leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví má finna á vef landlæknis og á [www.covid.is](#)
- Einkenni:** Covid-19 fer ekki í manngreinaálit og allir virðast í sömu hættu á að smitast. Mikilvægt er að starfsfólk haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef það byrjar að finna fyrir einkennum. Sjúkdómurinn getur haft ólíka byrjun hjá fólki. Helstu einkenni Covid-19 sjúkdómsins eru:
  - Hósti
  - Hiti
  - Bein- og vöðvaverkir
  - Þreyta og slappleiki

Í sumum tilvikum hverfur bragð- og lyktarskyn skyndilega og einnig eru dæmi um einkenni frá meltingarvegi eins og niðurgangur.